

Fundargerð hreppsnefndar 17. ágúst 2016

Fundur nr. 45 kjörtímabilið 2014-2018

Fundur verður haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps miðvikudaginn 17. ágúst 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar leitaði oddviti heimildar til að taka fyrir fjármál sveitarfélagsins sem 4. lið á dagskrá. Samhljóða samþykkt.

Dagskrá

1. Fundargerðir:

1. Fræðslunefndar dags. 17. mars 2016

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

2. Velferðarnefndar dags. 9. júní 2016

Samþykkt samhljóða að að fela sveitarstjóra að kanna leiðir að framkvæmd 2. liðs í fundargerð. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

3. Menningarmálanefndar dags. 24. júní og 8. ágúst 2016

Fundargerðirnar samhljóða samþykktar. Vill sveitarstjórn koma á framfæri þakklæti til nefndarfólks varðandi framkvæmd Vopnaskaks.

4. 9. fundar stjórnar SSA

Lagt fram til kynningar.

5. 841. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

6. Um samning milli Austurbrúar og Vopnafjarðarhrepps dags. 28. júní 2016

Lagt fram til kynningar.

7. 130. fundar stjórnar HAUST

Lagt fram til kynningar.

8. 28. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

1. 2. **Almenn mál:**

2. Eigendastefna fyrir Þjóðlendur

Lagt fram til kynningar.

1. Leyfi Iceland Resoures til leitar og rannsókn á málmum í Vopnafirði og við Héraðsflóa

Lagt fram til kynningar.

1. Tilboð í vinnu við váttryggingaráðgjöf

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu sem annars var til kynningar.

1. Tilboð í undirbúning fyrir nýjan vef Vopnafjarðarhrepps

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði til að tilboði Stefnu um nýja vefsíðu fyrir sveitarfélagið yrði tekið og var það samhljóða samþykkt.

1. Fyrirhugaður strandblakvöllur

Fram fór umræða um málið og því vísað áfram til skipulagsnefndar.

1. Málefni Halldórsstofu í Kaupvangi

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að svara fjölskyldu Halldórs Ásgrímssonar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

1. Ferðamálastofu

Lagt fram til kynningar.

2. Fjarskiptasjóði

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins.

3. Skipulagsstofnun

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til skipulags- og umhverfisnefndar sem tilefni tengilið sveitarfélagsins við stofnunina.

4. veiðifélagi Selár

Lagt fram til kynningar.

4. Fjármál:

1. Lán Vopnafjarðarhrepps

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir stöðu fjármála sveitarfélagsins. Fram fór umræða um málið þar sem nefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Síðan var bókað:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að taka lán hjá Landsbankanum til þriggja ára að upphæð 100 milljónir (eitt hundrað milljónir) til að létta á lausafjárstöðu sveitarfélagsins. Lausafjárstaða Vopnafjarðarhrepps hefur verið þung síðustu misseri sem kemur til m.a. vegna framkvæmda í Vopnafjarðarhöfn og samdráttar í tekjum sveitar- og hafnarsjóðs. Mun minni afli hefur skilað sér á land frá áramótum 2015/2016 eða um 43 þúsund tonn í samanburði við um 75 þúsund tonn 2014/2015.

Framkvæmdir sem ráðist var í við höfnina sem hófust á árinu 2015 og lokið var við í maí sl. snéru að dýpkun og breikkun á innsiglingar Vopnafjarðarhafnar. Kostnaður við framkvæmdirnar nemur alls um 189 milljónum kr. og er tilkominn m.a. vegna nýrra og stærri uppsjávarskipa HB Granda.

Þrátt fyrir að lausafjárstaða sveitarfélagsins sé tímabundið erfið er staða sveitar- og hafnarsjóðs sterk. Atvinnuástand á Vopnafirði hefur byggt á uppsjávarvinnslu þar sem oft er um miklar sveiflur að ræða í veiðum og vinnslu. Áform HB Granda að hefja bolfiskvinnslu upp úr næstkomandi áramótum mun breyta miklu í atvinnumálum og þar með tekjuflæði til sveitarfélagsins. Tekjur sveitarsjóðs verða jafnari og dregur þar með úr miklum sveiflum sem geta haft neikvæð áhrif á lausafjárstöðu sveitar- og hafnarsjóðs.

Bókunin síðan borin upp og hún samhljóða samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:25.

[Eylgigögn fundar 170816_6793948.pdf](#)